

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. júlí 1984

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja

(84/372/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/1267/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 11. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 81/334/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi reynslunnar sem aflað hefur verið á þessu sviði og með tilliti til núverandi tæknistigs er nú gerlegt að breyta tilteknum kröfum um aðferðir til að mæla hávaða frá tilteknum gerðum ökutækja þannig að þær gefi betri mynd af raunverulegum akstursaðstæðum. Um er að ræða mjög afkastamikil ökutæki og ökutæki með sjálfskiptingu og handvirka stillingu.

Við smíði þessarar gerðar af mjög afkastamiklum ökutækjum skiptir það einkum miklu að notuð hefur verið nýjasta tækni, sem er venjulega fyrirrennari þeirra tækni sem notuð verður síðan við raðsmíði, og þar sem þróaðir eru eftir föngum íhlutar og eiginleikar að því er varðar virkan og óvirkan öryggisbúnað, varnir gegn loft- og hávaðamengun og eldsneytiseyðslu. Varðandi vinnslu ökutækja veitir núgildandi aðferð við að ákvarða leyfilegt hljóðstig, sem ætlað er að mæla hávaða frá ökutækjum í umferð innanbæjar, ekki nægilega skýrar upplýsingar um raunverulega notkun aflmikilla ökutækja í umferð innanbæjar. Þær breyt-

ingar sem nauðsynlegar eru til að bæta úr þessu ástandi og gera kleift að meta á nákvæmari hátt hávaðann frá þessum gerðum ökutækja hafa þegar verið samþykktar af efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með reglugerð nr. 51, eins og henni var nýlega breytt.

Ákvæði tilskipunar þessarar eru í samræmi við álit nefndar sem sér um að aðlaga, í samræmi við tækniframfarir, tilskipanir til að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum í viðskiptum með vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE, eins og honum var síðast breytt með tilskipun 81/334/EBE, er breytt í samræmi við viðaukanum við tilskipun þessa.

2. gr.

1. Frá og með 1. október 1984 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi,

— að neita að veita gerð vélknúins ökutækis EBE-gerðarviðurkenningu, gefa út skjal það sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE eða veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

— banna að slík ökutæki verði tekin í notkun,

ef hljóðstig og útblásturskerfi þessarar gerðar ökutækis eða ökutækja sem um ræðir uppfylla ákvæði tilskipunar 70/157/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 1985 er aðildarríkjum:

— óheimilt að gefa út skjal það sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 70/156/EBE fyrir gerð vélknúins ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi er ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/157/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1980, bls. 34.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 16.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 131, 18. 5. 1981, bls. 6.

— heimilt að neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis ef hljóðstig og útblásturskerfi samræmist ekki ákvæðum tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. Frá og með 1. október 1986 er aðildarríkjum heimilt að banna að tekin verði í notkun ökutæki ef hljóðstig og útblásturskerfi samræmist ekki ákvæðum tilskipunar 70/157/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

*3. gr.*

Aðildarríkjunum ber að samþykka nauðsynleg ákvæði til að framfylgja tilskipun þessari fyrir 1. október 1984. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júlí 1984.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karl-Heinz NARJES

*framkvæmdastjóri.*

## VIDAUKI

**Breytingar á I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE**

Í stað liðar 5.2.2.4.3.2 komi eftirfarandi:

„5.2.2.4.3.2. Hraði í aðkeyrslu.

Ökutækinu skal ekið að línu AA' með jöfnum hraða sem samsvarar þeim lægri af eftirfarandi tveimur hröðum:

- hraða sem jafngildir þremur fjórðu af þeim nafnhraða þar sem hreyfillinn nær hámarksafköstum;
- 50 km/klst.

Ef um er að ræða ökutæki með sjálfskiptingu og fleiri en tvö girhlutföll og skipt er niður í fyrsta gir við prófun er framleiðanda heimilt að velja milli eftirfarandi prófunaraðferða:

- að auka hraða ökutækisins, V, að hámarki í 60 km/klst. til að forðast slíka niðurskiptingu, eða
- að halda hraða ökutækisins, V, við 50 km/klst. en takmarka eldsneytisgjöf við 95% af því sem nauðsynlegt er undir fullu álagi. Talið er að þessi skilyrði séu uppfyllt:
  - í hreyflum með neistakveikju, ef eldsneytisgjöfin er opnuð að 90% og
  - í hreyflum með þrýstikveikju, þegar hreyfing stýrihluta eldsneytisþællunnar er takmörkuð við 90% af fullri lengd.

Ökutækinu skal ekið með sjálfskiptingu og án handvirkar stillingar á mismunandi hraða: 30, 40 og 50 km/klst., eða þremur fjórðu af hámarkshraða ef þetta gildi er lægra. Við prófun gildir hæsta hljóðstigsmælingin er fæst á einhverjum þessara hraða sem prófunarmæling.“

Í stað liðar 5.2.2.4.3.3.1.1 komi eftirfarandi:

„5.2.2.4.3.3.1.1. Prófa skal ökutæki í M<sub>1</sub>- og N<sub>1</sub>-flokki sem hafa beinskiptan girkassa í öðrum gir ef ökutækið hefur fjóra eða færri gíra til áframaksturs.

Ökutæki í þessum flokkum sem hafa beinskiptan girkassa og fleiri en fjóra gíra til áframaksturs skulu prófuð í öðrum og þriðja gir til skiptis. Einungis skal taka til greina girhlutföll sem ætluð eru til nota í eðlilegum akstri á vegum. Reikna skal meðalgildi hljóðstiga sem mælast við þessi skilyrði.

Hins vegar er heimilt að prófa ökutæki í M<sub>1</sub>-flokki sem hafa fleiri en fjóra gíra til áframaksturs, hreyfil með hámarksafköst yfir 140 kW og leyfilegt hlutfall milli hámarksafks og -þyngdar yfir 75 kW/t einungis í þriðja gir, að því tilskildu að hraðinn sé yfir 61 km/klst. þegar aftasti hluti ökutækisins fer yfir línu BB' í þriðja gir.“

Í stað liðar 5.2.2.4.3.3.2 komi eftirfarandi:

„5.2.2.4.3.3.2. Sjálfskipting með handvirka stillingu.

Ökutækið skal prófað í stillingunni sem framleiðandi mælist til í almennum akstri.“